

STARFSLEYFI

Eldi á regnbogasilungi og þorski

Hábrún hf.

Skutulsfjörður

Lögheimili: Stekkjargata 11, 410 Hnífsdalur

Kt: 450314-0640

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Hábrún hf., kt. 450314-0640, fyrir sjókvíaeldi á 700 tonna ársframleiðslu af regnbogasilungi og þorski í Skutulsfirði. Hábrún hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til ársframleiðslu á 700 tonnum af regnbogasilungi og þorski, að hámarki 650 tonna lífmassi á hverjum tíma af regnbogasilungi og að hámarki 50 tonna lífmassi á hverjum tíma af þorski. Hámark lífmassa á hverjum tíma er 700 tonn í Skutulsfirði. Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þess svæðis sem tilgreint er í viðauka. Starfsleyfið nær til einnar staðsetningar sjókvíaeldissvæðis í Skutulsfirði við Miðhlíð utan við Eyrina á Ísafirði.

Fjarlægðarmörk milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila skulu vera samkvæmt

5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020¹.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

¹ Gert er ráð fyrir að ákvörðun Matvælastofnunar um fjarlægðarmörk liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði eftirlitsaðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Ennfremur skal áætlunin tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni í starfsstöðinni eða lóð hennar. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megi út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu,
- þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal

rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

- ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- ef burðarþolsmat svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.
- ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur. Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilega fresti til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi til bráðabirgða eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarlegt tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef aðilar sinna ekki úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir skv. lögum.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á eldiskvíum, lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) á hverjum tíma sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

3.2 Hvíldartími

Rekstraraðila er heimilt að ala eldisfisk í tveimur hólfum í senn þar sem eitt hólf verður ávallt í hvíld í að lágmarki 12 mánuði á milli eldislota (frá lokum slátrunar). Einn árgangur er alinn í 22-24 mánuði.

Þrátt fyrir hvíld eldishólfa skv. 1. mgr. getur Umhverfisstofnun einhliða frestað útsetningu eftir hvíldartíma, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði/eldissvæði að mati Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun getur heimilað, í samráði við Matvælastofnun, flutning kvía innan eldissvæðis til að bæta ástand á botni undir kvíum t.a.m. vegna uppsöfnunar fódurleifa og úrgangs.

Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um ástand eldissvæðanna út frá vöktun.

3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10,0 kg/tonn af lífmassaaukningu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Eldiskvíar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fódurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fódurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal starfsemi í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum

atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin er í vatnshloti nr. 101-1381-C². Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi eldissvæðanna í firðinum hvað varðar líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. gr. 1.6 ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá lífbrjótanlegum úrgangi í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrífa skal ílátin/gámana eftir notkun.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olúbirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.10 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.9 um lífniðurbriótanlegan úrgang. Gæta skal að við meðhöndlun dauðfisks sé farið eftir reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

² Vatnshlotanúmer eru skilgreind skv. III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og er flokkunin aðgengileg á Vatnavefsjónni (vatnshlota vefsja) Veðurstofu Íslands. Skilgreint sjókvíaeldissvæði fellur einnig að litlu leyti inn á vatnshlot Ísafjarðardjúps nr. 101-1224-C.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaráhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6 og 2.7.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4 INNRA EFTIRLIT

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Lífmassa í stöðinni á hverjum tíma og afföll,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafir farið fram sbr. gr. 2.3,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum eldisstað/hverri eldiskví,
- niðurstöður vöktunar sbr. gr. 5.1,
- lyfjagjöf m.a vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif),
- útsetningu seiða (magn og dagsetning).

4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður vöktunarmælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði gr. 3.6.

Vöktunarniðurstöðum skal skila árlega fyrir 1. maí í þar til gerða gagnagátt Umhverfisstofnunar undir stjórn vatnamála.

4.3 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Vakta skal gæðapætti sem hafa verið samþykktir af Umhverfisstofnun, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, og skulu þeir tilgreindir í vöktunaráætlun. Vöktunaráætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni og endurskoðuð reglulega.

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera samkvæmt staðlinum ÍST ISO 12878 og samþykktum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum³ og gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Taka skal mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, m.a. „*Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva*“ og síðari viðbótum um vöktun sjókvíaeldis, og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Endurskoða skal vöktunaráætlun óski Umhverfisstofnunar eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfisstofnunum eða umhverfisstjórnunarkerfi.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt 5.1 eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemin þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 12. nóvember 2036.

Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal.

Við gildistöku þessa starfsleyfis falla úr gildi eftirfarandi starfsleyfi gefin út af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða; starfsleyfi félagsins Glaður ehf. (kt. 420502-5320) gefið út þann 12. desember 2008 sem var fært yfir á Hábrún hf. (kt. 450314-0640) í febrúar 2018 og starfsleyfi félagsins Sjávareldi ehf. (kt. 531011-1040) gefið út þann 2. desember 2011.

³ Samkvæmt lögum 36/2011 um stjórn vatnamála
Síða 8 af 14

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík 12. nóvember 2020


Umhverfisstofnun

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Viðauki 1

Á myndunum má sjá Skutulsfjörð og staðsetningar/legu eldissvæða.



Viðauki 2

Í töflunni má sjá hnit eldissvæða.

Svæði	X	Y
1	W23° 6.0693342	N66° 6.17238
1	W23° 5.2308384	N66° 6.116238
1 og 2	W23° 6.2875308	N66° 5.767518
1 og 2	W23° 5.4584574	N66° 5.710878
2 og 3	W23° 6.5139402	N66° 5.360046
2 og 3	W23° 5.693619	N66° 5.301108
3	W23° 6.7344792	N66° 4.936692
3	W23° 5.9290002	N66° 4.890996

Viðauki 3

Yfirlit yfir skiladaga

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara sbr. gr. 3.2,
- í grein 4.2 er kveðið á um að skila eigi ársyfirliti og vöktunarniðurstöðum fyrir 1. maí ár hvert,
- í grein 4.3 er kveðið á um skil á umhverfisupplýsingum ár hvert samkvæmt ákvæðum viðeigandi reglugerða.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Hábrún hf. í Skutulsfirði

1. Almenn

Þann 20. febrúar 2017 sótti Hábrún hf. (450314-0640) Stekkjargötu 11, 410 Hnífsdal, um starfsleyfi fyrir sjókvíaeldi á 1000 tonn/ári framleiðslu á regnbogasilungi og þorski í Skutulsfirði í Ísafjarðardjúpi. Síðar varð breyting á umfangi starfseminnar og tilkynnti umsækjandi að til stóð að sækja um minna magn en upphaflega var gert ráð fyrir eða 700 tonna ársframleiðslu og hámarkslífmassa á hverjum tíma, þ.e. 650 tonn af regnbogasilungi og 50 tonn af þorski að hámarki á hverjum tíma.

Skutulsfjörður er þröskuldsfjörður og gætu því verið lítil vatnsskipti á sjávarbotni. Þar af leiðandi er mikilvægt að vakta umhverfisáhrif losunar frá eldinu. Losun frá eldinu er í formi lífræns úrgangs og fódurleifa. Til að varast uppsöfnun næringarefna á botni undir kvíum eru svæði hvíld í a.m.k. 12 mánuði á milli hópa/kynslóða. Þá eru tvö svæði í notkun á meðan eitt er ávallt í hvíld. Umhverfisstofnun hefur heimild til að einhliða fresta útsetningu eftir hvíldartíma, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði/eldissvæði sbr. gr. 3.6.

Umsókn um 700 tonna eldi á ári í Skutulsfirði var samþykkt sem fullnægjandi þann 31. janúar 2019 en í því bréfi óskaði Umhverfisstofnun eftir því að rekstraraðili skilaði inn frekari gögnum fyrir auglýsingu starfsleyfistillögu.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi opinberlega á tímabilinu 26. júlí til 24. ágúst 2019 sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fyrir framleiðslu á 700 tonnum á ári. Auglýsingin var birt á vefsíðu stofnunarinnar, þann 26. júlí 2019, ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Tilkynning um auglýsinguna var einnig send á Heilbrigðisnefnd Vestfjarða, Ísafjarðarbæ og hagsmunaaðila þann 26. júlí 2019.

Umsækjandi sendi inn viðbótarupplýsingar og uppfærð gögn árið 2019 að beiðni Umhverfisstofnunar dagana 23. og 29. janúar, 26. febrúar og 19. mars sl. Þessi gögn voru m.a. vöktunaráætlun, samstarfssamningur við móttökuaðila úrgangs, trygging, viðbragðsáætlanir og áhættumat.

Unnið var í samráði við Matvælastofnun að samræmingu vegna leyfisveitinga starfsleyfis og rekstarleyfis.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun birti ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar félagsins Hábrún hf. um eldi á 700 tonnum á ári í Skutulsfirði þann 11. apríl 2018 þar sem niðurstaðan var að framkvæmdin væri ekki líklegt til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ákvörðun Skipulagsstofnunar hefur verið lögð til grundvallar starfsleyfisveitingar.

Líkt og áður sagði er umsókn félagsins Hábrún hf. frá 20. febrúar 2017 og sú umsókn er fyrir 1000 tonna eldi á ári. Sú framkvæmd var ákvörðuð matsskyld framkvæmd af Skipulagsstofnun þann 24. október 2017. Þá var umfang eldisins minnkað niður í 700 tonn á ári/hámarkslífmassi á hverjum tíma og var sú framkvæmd ekki matsskyld skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar þann 11. apríl 2018 (sjá í fylgiskjölum). Umhverfisstofnun féllst á að vinna tillögu út frá sömu umsókn Hábrúnar hf. að fengnum upplýsingum um um minnkað umfang úr 1000 tonnum í 700 tonn á ári eða hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tilkynningar umsækjanda í matsskyldufyrirspurnum, eldi á 1000 tonnum á ári og 700 tonnum á ári eða hámarkslífmassa og veitt umsagnir vegna þeirra til Skipulagsstofnunar í matsferlinu

með bréfum dags. 18. júlí 2017 og 22. febrúar 2018. Við fyrstu umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar þann 17. maí 2017 fyrir matsskyldu eldis á 1000 tonnum á ári taldi Umhverfisstofnun ekki unnt að taka afstöðu heldur það um frekari upplýsingar í bréfi dagsettu 13. júní 2017.

Valkostir

Umhverfisstofnun óskaði eftir greinargerð um þá valkosti sem voru til athugunar hjá rekstraraðila í tölvupósti þann 22. október 2018 út frá 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þann 29. janúar 2019 sendi umsækjandi inn greinargerð um valkosti framleiðslu 700 tónna á ári sem viðbót við umsóknargögn. Umhverfisstofnun fór yfir valkostagreininguna og sendi Skipulagsstofnun, þann 23. september 2019, fyrirspurn um hvort stofnunin sæi ástæðu til að taka upp fyrri ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar m.t.t. viðbótarupplýsinga um valkosti. Skipulagsstofnun sá ekki ástæðu til þess þar sem ekki er gerð krafa um samanburð valkosta í málsmeðferð á grundvelli 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

3. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögunnar

Engar athugasemdir við tillögu að starfsleyfi bárust Umhverfisstofnun á auglýsingartíma.

4. Breyting frá auglýstri tillögu

Gerðar voru breyting á eftirfarandi greinum frá auglýstri tillögu að starfsleyfi:

- Í grein 3.1 var ákvæði skýrt m.t.t. þess að BAT gildi eins og það er skilgreint á hverjum tíma án þess að starfsleyfi sé breytt. Því var eftirfarandi tekið út úr ákvæði: „og innleiddar samkvæmt ákvæðum í gr. 1.6“,
- Í grein 3.4 var losun fosfórs breytt úr 9 kg/af framleiddum fiski í 10 kg/ af lífmassaaukningu vegna leiðréttingar á losunarformúlu,
- Í grein 3.6 var bætt við vatnshlotanúmeri,
- Lagfæringar voru gerðar á gr. 3.9,
- gr. 3.10 var tekin út og þeim ákvæðum bætt við í gr. 3.9,
- Í gr. 3.10 (í auglýsingu gr. 3.11) var bætt við vísun í reglugerð nr. 674/2017,
- Í grein 4.1 var tekið út ákvæði um skráningu á hreinsun á mengunarvarnabúnaði þar sem þetta ákvæði á við um landeldi þar sem frárennsli er hreinsað með mengunarvarnabúnaði áður en það er losað í viðtaka en á ekki við sjókvíaeldi.
- Í grein 4.2 var bætt við ákvæði um árleg skil á vöktunarniðurstöðum í gagnagátt Umhverfisstofnunar sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála,
- Í grein 4.3 var bætt ákvæði sem heimilar sameiginleg skil á umhverfisupplýsingum með ársyfirliti,
- Í grein 5.1 var bætt við ákvæði um vöktunarþætti sbr. lög nr. 36/2011 um stjórnun vatnamála,
- Í kafla 7. var bætt við að starfsleyfi Sjávareldis ehf. falli úr gildi við gildistöku starfsleyfisins.

Auk þess voru gerðar aðrar minniháttar orðalagsbreytingar til að auka skýrleika ákvæða.

5. Aðrar leyfisveitingar Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun vekur athygli á að sækja ber um innflutningsleyfi til Umhverfisstofnunar, skv. 63. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, ef starfsemin krefst þess að flytja þurfi inn lífverur til landsins sem falla undir skilgreiningu náttúruverndarlaga um framandi lífverur sbr. gr. 1.1. Umhverfisstofnun tekur fram að starfsleyfi

fyrir eldinu og innflutningsleyfi fyrir framandi lífverur eru tvö aðskilin leyfi. Umhverfisstofnun tilkynnti umsækjanda um ofangreint við vinnslu starfsleyfis í tölvupósti dags. 23. janúar 2019.

6. Gildistaka

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis fyrir rekstraraðila til að framleiða allt að 700 tonn á ári af regnbogasilungi og þorski.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu sbr. 4. gr. b laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 12. nóvember 2036.